

43. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 29. maí 2015 kl. 11:00 í Eldey, Grænásbraut 506, 235 Reykjanesbæ.

Mætt: Róbert Ragnarsson, Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Guðmundur Pétursson, Berglind Kristinsdóttir, Kjartan Eiríksson, Björk Guðjónsdóttir, Eggert Sólberg Jónsson, Puríður Aradóttir, Guðjón Kristjánsson og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi voru Ásgeir Eiríksson og fulltrúi FMR.

Dagskrá:

1. Erindi. Reykjanes jarðvangur hefur óskað eftir því að Markaðsstofan taki að sér markaðssetningu jarðvangsins – frestað frá síðasta fundi.
 2. Unique Iceland: Tilboð í afþreyingarkerfi Icelandair. Áb.-PHA.
 3. Tilboðsgögn Landgöngubrýr FLE. Á.b. PHA.
 4. Innri markaðssetning MR. Staða. Áb.-PHA
 5. Beiði um móttöku og kynningu á Eldey
 6. Ársreikningur 2014 – Áb. PHA
 7. Samstarf við Íslandsstofu - #AskGudmundur – Áb. PHA.
 8. Úthlutun til uppbyggingarferðamannaástaða – Á.b. ESJ
 9. Kynning frá SAR – á.b. Guðmundur Pétursson.
 10. Atvinnuleysistöður.
-
1. **Erindi. Reykjanes jarðvangur hefur óskað eftir því að Markaðsstofan taki að sér markaðssetningu jarðvangsins – frestað frá síðasta fundi.**
Samkomulag samþykkt.
 2. **Unique Iceland: Tilboð í afþreyingarkerfi Icelandair**
Verkefnastjóri Markaðsstofu kynnti tilboð í afþreyingarkerfi Icelandair. Stjórnin leggur til að verkefnið verði eitt af verkefnum Sóknaráætlunar Suðurnesja til næstu þriggja ára.
 3. **Tilboðsgögn Landgöngubrýr**
Verkefnastjóri Markaðsstofu kynnti tilboðsgögn í auglýsingapláss á landgöngubrúum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
 4. **Innri markaðssetning MR**
Verkefnastjóri kynnti tillögur að markaðssetningu Markaðsstofu á svæðinu. Verkefnastjóra falið að koma með tillögu að áætlun um hvernig hægt verði að byggja upp vörumerki um svæðið.
 5. **Beiði um móttöku og kynningu á Eldey**
Hópur á vegnum NPM verkefnisins mun kynna sér starfsemina í frumkvöðlasetrinu 9. júní.
 6. **Ársreikningur 2015**
Frestað til næsta fundar.

7. Samstarf við Íslandsstofu - #AskGudmundur

Verkefnastjóri kynnti verkefnið #AskGudmundur sem er hluti af markaðsátakinu Ísland - allt árið á vegum Íslandsstofu.

8. Úthlutun til uppbyggingarferðamannastaða

Stjórnin tekur undir eftirfarandi ályktun stjórnar Reykjanes jarðvangs frá 29. maí 2015:

Stjórn Reykjanes jarðvangs fagnar auknum framlögum til uppbyggingar ferðamannastaða á Íslandi. Stjórnin gerir hins vegar athugasemd við að aðeins sé úthlutað til ferðamannastaða í eigu og umsjón ríkisins. Sérstaka athygli vekur að engin framlög eru til verkefna á Reykjanesi en Reykjaneskagi er þriðji fjölsóttasti landshlutinn af ferðamönnum. Reykjanesfólkvangur er á rauðum lista Umhverfisstofnunar og landssvæðið að mestu í eigu ríkisins. Verkefni þaðan ættu því að uppfylla allar forsendur sem settar voru fyrir úthlutuninni. Stjórn Reykjanes jarðvangs ályktar að mistök hljóti að hafa átt sér stað við úthlutunina sem verði leiðrétt strax. Stjórnin skorar jafnframt á ráðherra ferðamála við að bæta úr þessu þegar í stað og býður fram aðstoð sína.

9. Kynning frá SAR

Frestað til næsta fundar.

10. Atvinnuleysistöflur.

Atvinnuleysistöflur lagðar fram.

11. Önnur mál

Engin önnur mál.